

Sameiginleg viljayfirlýsing heilbrigðisráðherra og fulltrúa sjálfstætt starfandi sérgreinalækna.

Í framhaldi af ákvörðun heilbrigðisráðherra um að framlengja reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu læknskostnaðar til 31. desember 2013 lýsa fulltrúar sjálfstætt starfandi sérgreinalækna vilja til að ljúka gerð nýs samnings sem tryggi jafnan aðgang sjúkratryggðra að þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna. Samningurinn verði til 3 – 5 ára og taki gildi 1. janúar 2014.


Aðilar eru sammála um að nýr samningur eigi að fela í sér samræmda gjaldskrá sem miðist við umfang og heildarkostnað þjónustunnar í júní 2013. Með samningnum verði einstakir þættir þjónustunnar kostnaðargreindir og við það miðað að nýjar reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginganna tryggi að þeir njóti aðstoðarinnar sem þurfa mest á þjónustunni að halda. Jafnframt verður að teljast eftirsóknarvert að meðalkostnaður sjúkratryggðra vegna þjónustugjalda lækki úr núverandi 42% í 28%, þ.e. verði hlutfallslega ekki hærrí en hann var árið 2008.


Læknar hafa verið án samnings frá í apríl 2011. Sú skipan að endurgreiða læknskostnað á grundvelli gjaldskrár sem SÍ setja einhliða er samkvæmt lögum tímabundin ráðstöfun. Samningsleysið hefur leitt til þess að kostnaður hins sjúkratryggða er kominn langt umfram sett viðmið og ógnar því markmiði sjúkratryggingalaganna að tryggja jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Um leið hefur kostnaðurinn grafið undan núverandi greiðsluþáttökukerfi sjúkratrygginganna. Niðurstaðan er aukið ógagnsæi og mismunun.


Aðilar eru sammála um að með samningnum verði hugað sérstaklega að nýjum valkvæðum gjaldskrárverkum, s.s. upplýsingamiðlun og samskipum með tölvupósti og í síma. Jafnframt verði sérstaklega hugað að fyrirkomulagi tilvísana og miðlun upplýsinga með læknaþréfum. Út frá því verði gengið að umsamið einingarverð breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við verðlagsþróun, svo og að umsamið þjónustuframboð geti almennt aukist í samræmi við fólksfjölgun að teknu tilliti til breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar.


Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að tilteknum hagræðingarverkefnum til hagsbóta fyrir sjúkratryggða, hið opinbera, lækna og aðra veitendur heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega verði hugað að hagnýtingu upplýsingatækninnar og samráðs um klínískar leiðbeiningar fyrir læknisverk og rannsóknir. Með þeim hætti verði skapað svigrúm til frekari samræmingar og breytinga á læknisverkum og gjaldskrá á samningstímanum.

Reykjavík, 27. júní 2013


Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra


F.h. Samninganefndar LR
Kristján Guðmundsson


F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Guðlaug Björnsdóttir


F.h. Læknafélags Reykjavíkur
Steinn Jónsson